

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, minnkað svæði fyrir frístundabyggð F27, landbúnaðarsvæði og svæði fyrir frístundabyggð F72, Hallstún.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 28. nóvember 2014 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 11. nóvember 2014.

Í breytingunni felst stækkun landbúnaðarsvæðis með minnkun svæðis fyrir frístundabyggð F27 úr 52 ha í 12 ha þar sem gert er ráð fyrir 5 lóðum. Jafnframt er landbúnaðarsvæði breytt í 3 ha svæði fyrir frístundabyggð F72 fyrir 5 lóðir.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 28. nóvember 2014.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.